Ed. **499. Tillaga**

til þingsályktunar um húsrúm fyrir listaverk landsins.

Flm.: Ingibjörg H. Bjarnason.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á rikisstjórnina að taka til ihugunar, á hvern hátt verði best sjeð fyrir húsrúmi til þess að geyma i og sýna úrval þeirra listaverka, er landið á og mun eignast framvegis, og leggja tillögur sínar í því máli fyrir næsta þing.

Greinargerð

fyrir tillögu þessari felst i brjefi því frá Mentamálaráði Íslands, sem prentað er hjer á eftir.

Fylgiskjal.

Með lögum frá Alþingi 1928, um Menningarsjóð og Menntamálaráð, var sú ráðstöfun gerð, að Menntamálaráð skyldi annast kaup á listaverkum ríkinu til handa og verja til þess einum þriðjungi af tekjum Menningarsjóðs. Jafnframt var svo ráð fyrir gert, að þegar þær tekjur færi fram úr meðallagi, skyldi afgangur af þessum þriðjungi lagður i húsbyggingarsjóð, er ávaxta skyldi i Landsbankanum, unz hafið væri að reisa hús yfir listasafn ríkisins.

Núverandi stjórn og Menntamálaráð hafa þegar keypt allmikið af listaverkum, málverk, teikningar o. fl., fyrir fje Menningarsjóðs, og er það bersýnilegt, að vöxtur listasafns verður nú miklu örari en fyrr hefur verið. En eins og hinu háa alþingi er fullkunnugt, en nú svo á skipað á veggjum alþingishúss, sem fram að þessu hefur haft að geyma málverk landsins, að þar verða varla fleiri myndir upp festar, svo að vel fari. Jafnvel þó að talsvert af myndum hafi verið tekið til geymslu i skólum og öðrum ríkisstofnunum, er þegar svo komið, að fjölda mynda (m. a. safn andlitsmynda eftir Jóhannes

Kjarval, 50 að tölu) hefur orðið að hlaða upp í köstu í loftherbergi í þinghúsinu, þar sem enginn getur skoðað þær og þær geta varla talizt óhultar fyrir skemmdum.

Um leið og vér viljum leiða athygli hins háa alþingis að þessu húsnæðisleysi fyrir listaverk ríkisins, viljum vér láta í ljós þá skoðun vora, að hér sé um brýnni nauðsyn að ræða en svo, að vænta megi, að úr henni verði bætt með úrræði því, sem gert er ráð fyrir í lögum um Menningarsjóð. Vér viljum því eindregið mælast til þess, að hið háa alþingi geri nú þegar einhverjar ráðstafanir til þess, að úrvali þeirra listaverka, sem landið nú á og mun eignast framvegis, verði séð fyrir húsnæði, þar sem þau bæði eru vel geymd og geta komið almenningi að notum.

Reykjavik, 30. april 1929.

Fyrir hönd Menntamálaráðs.

Sigurður Nordal, formaður.

Stefán Jóh. Stefánsson, ritari.

Til alþingis.